



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
-allsherjar- og menntamálanefnd-
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 20. janúar 2014
1401023 IE

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði.

Með tölvubréfi dags. 17. janúar 2014 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd, um frv. til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði, 250. mál, þskj. 458, lþ. 143.


Í frumvarpinu er lagt til að embættum sýslumanna verði fækkað úr 24 í níu. Samhliða er lagt fram frumvarp sem breytir skipulagi lögregluumdæma landsins, þannig að samræmi verði í lögum og skipulagi framkvæmdavalds og stjórnslu ríkisins í héraði.

Við þá endurskipulagningu sem lagt er til að ráðist verði í minnir Jafnréttisstofa á 1. mgr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008, um að atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Jafnframt er minnt á að atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan sinnar stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ennfremur á að vinna að því að jafna stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Jafnréttisstofa minnir einnig á 1. mgr. 26. gr. jafnréttislaga, en þar segir að m.a. við stöðubreytingar, sé óheimilt að mismuna kynjum. Sama á við um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði, sem og um uppsagnir og stöðuhækkanir.

Jafnréttisstofa telur að brýnt sé að hafa ofangreind ákvæði jafnréttislaga í huga við skipulagsbreytingar og eins og þær sem lagðar eru til í þessu frumvarpi til þess að tryggt sé að það sé gert í samræmi við markmið jafnréttislaga, eins og þau koma fram í 1. mgr. 1. gr. laganna.

Jafnréttisstofa vill taka fram ánægju með að í frumvarpinu er hugað að því að nauðsynlegt er að undirbúningur breytinganna fari af stað sem allra fyrst og að skipa skuli sérstaka verkefnisstjórn til að sinna því starfi, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur